



Tilvitnanir eða greinar úr Alþýðublaðinu 1940

Bjarni Benediktsson – Tilvitnanir eða greinar úr Alþýðublaðinu 1940

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í nóv. 1940 birti Jón Blöndal grein í Alþýðublaðinu: "Út í sama fenið og í síðustu styrjöld". Greinin var sérprentuð ásamt fleiri greinum í sérstökum pésa: "Baráttan gegn dýrtíðinni og skattfrelsi útgerðarinnar". Hér er vitnað í blaðsíðutöl í þeim pésa.

Dýrtíðarvísitalan þegar grein Jóns Blöndals birtist var einungis 141 en er nú 183. Þá var launþegum ekki bætt upp verðlags-
hækkunin að fullu heldur einungis að nokkru leyti og verður það, sem
hagfræðingurinn segir um kauphækkunir að skoðast í því ljósi.

Á síðu 22 segir Jón Blöndal:

"Það er ekki ætlun mín að fara að prédika neina bölsýni fyrir lesendunum, en ég get þó ekki neitað því, að mér finst
sterkar líkur benda til þess - svo framarlega, sem fylgt verður
áfram þeirri stefnu, sem nú virðist ráðandi í viðskipta- og fjármálum
þjóðarinnar - að innan skamms vöknunum við óþægilega afvel-
megunar-, og gróðadraumum hinnar líðandi stundar vöknunum og sjáum að
gróðinn og velmegunin hafi verið blekking - fata morgana - sem
horfin er fyrir þeim bitra veruleika að þjóðin sé orðin enn fátæk-
ari en áður, enn skuldugri og örðugleikarnir steðja að úr öllum
áttum."

Á síðu 27 segir Jón Blöndal:enn :

"Sama kapphlaupið milli framfærslukostnaðar, verkakaups
og framleiðslukostnaðar virðist vera í fullum gangi nú, aðeins með
ennþá meiri hraða en í síðasta stríði og það er því fylsta ástæða
til að staldra við áður en lengra er haldið á þessari ógæfubraut."

Á síðu 32 - 33 segir Jón Blöndal:

"Ég vil halda því fram, að engin stétt geti til lengdar
grætt á því verðhækkunarkapphlaupi, sem hér hefir verið háð undanfarið.
Máske getur sá gróði enzt fram yfir næstu kosningar, en óvíst að það
verði mikið lengur.

Haldi verðhækkunarskrúfan áfram, leiðir hún óhjákvæmilega
til þess, að framfærslukostnaðurinn hækkar, atvinnuvegirinnir hætta
á ný að bera sig, þeir, sem nú græða, fara að tapa og hrunið blasir
við fyrr en menn kann að óra fyrir nú.

Ég hefi reynt að ræða þetta mál almennt, frá sjónarmiði
þjóðarinnar. Hinnir raunverulegu hagsmunir allra stétta þjóðarinnar
með sér alveg samsvarandi verðirinnun peninganna?

eru þeir, að vöxtur dýrtíðarinnar sé stöðvaður, áður en verðgildi peninganna er að engu orðið og þess vegna má tala um þjóðarhagsmuni í þessu sambandi."

Loks segir hann á s. 33 - 34:

" Enginn vafi er á því, að þjóðartekjurnar hafa aukist verulega fyrsta stríðsárið, enda þótt tekið sé tillit til hins lækkandi gildis peninganna. Ef jafnt hefði verið skipt milli stéttanna - eitt látið yfir alla ganga - hefðu því allar stéttir þjóðarinnar getað fengið hag sinn raunverulega bæt看. Við þessu hafði ekki verið búist í upphafi stríðsins og m.a. þess vegna var talið sanngjarnt að launþegarnir tækju á sig nokkurn hluta dýrtíðarinnar, og við það settu þeir sig fyllilega. Vegna þess, hve ört dýrtíðin hefir aukist, hefir kaupgeta launþeganna þó rýrnað meira en ráð var fyrir gert. Að vísu hefir nokkur hluti verkalyðsins borið meira úr bytum vegna aukinnar atvinnu, en allir hinir fastlaunuðu hafa séð kjör sín versna. Það er hér um bil óhugsandi annað en að launastéttirnar hefji um næstu áramót sókn til þess að vinna upp það, sem tapast hefir, og hvernig er hægt að standa á móti því, þegar aðrar stéttir hafa stórkostlega bætt aðstöðu sína? En vissulega er verkamönnum og öðrum launþegum engin gleði af kauphækkunum, sem til eru orðnar vegna þess, að verðgildi peninganna hefir minnkað, og sem geta leitt til þess, að það minnki enn á ný, í það óendanlega, ef sömu stefnu verður fylgt áfram."

Þær kauphækkunir, sem þarna um ræðir, eru að full verðlagsuppbót sé greidd í stað nokkurs hluta hennar áður. Samt segir hagfræðingurinn: "En vissulega er verkamönnum og öðrum launþegum engin gleði af kauphækkunum, sem til eru orðnar vegna þess, að verðgildi peninganna hefir minnkað, og sem leitt getur til þess, að það minnki enn á ný, í það óendanlega, ef sömu stefnu verður fylgt áfram." og er því ekki um það að villast, að hann hefir ekki álitíð það fagnaðarefni, að uppbótin yrði að fullu greidd, þótt hann teldi eðlilegt, að krafa kæmi fram um það.

En ef þeir hafa enga gleði af að fá greidda fulla verðlagsuppbót, ef ekki tekst að stöðva verðbólguna, hvað mundi þá um gleði þeirra af stórkostlegri grunnkaupshækkun, sem hefði í för með sér alveg samsvarandi verðrírinnun peninganna?